

- Samkvæmt veltutölum atvinnugreina í mars-apríl sl., sem hagstofan var að birta, náðu þær atvinnugreinar sem hagstofan flokkar sem einkennandi greinar ferðapjónustu sömu veltu og í mars-apríl árið 2019, fyrir faraldur. Byggt er á skilum fyrirtækja á VSK-skýrslum.


### Mesta aukningin í veitingapjónustu en mikill samdráttur hjá hópferðafyrirtækjum

- Langmesta tekjuaukningin var í veitingapjónustu. Nemur hún 25% á milli tímabila. Veitingabransinn er raunar sá hluti ferðapjónustugreina sem á mest undir viðskiptum við heimamenn einnig. Tölur um greiðslukortaveltu benda til að um  $\frac{3}{4}$  kaupa í þessum geira í mars-apríl hafi verið greidd með innlendum kortum. Aukningin í innlendu kortunum nam 39% þennan tíma en þeim erlendu 9%. Það voru því útstáelsiglaðir Íslendingar sem voru helstu bakhjarlar veitingageirans þennan tíma.
- Rekstur gististaða skilaði 3% hærri tekjum í mars-apríl í ár en sama tímabil 2019, tekjur ferðaskrifstofa og –skipuleggjenda drógust saman um 4%, farþegaflutninga með flugi um 9% og á landi (hópferðafyrirtækin) um 27%. Sjá mynd 1. Tekjuöflun undirgreina ferðapjónustu er mjög mismikil í krónum. Á mynd 2 má sjá hlutfallslegt vægi greinanna í tekjumyndun ásamt tekjum í m.kr. í mars-apríl á þessu ári.


### Málframleiðsla og olíuverslun á toppnum

- Í hagkerfinu í heild var tekjuaukning á sama tímabili mest í greinum sem búið hafa að stórhækkandi söluverði eða eftirspurn undanfarið; 92% í framleiðslu málma, 79% í olíuverslun, 66% í bílasölu og 46% í sjávarútvegi, að fiskeldi meðtöldu. Sjá mynd 3. Veltuaukning í VSK skyldum greinum í heild í mars-apríl reyndist um 35%.
- Á þessu tímabili reyndist aðeins sjávarútvegur, að meðtöldu fiskeldi, skila þjóðarþínu hærri tekjum en einkennandi greinar ferðapjónustu, 106 mö.kr. á móti 87 mö.kr. (mynd 3).
- Rétt er að hafa bak við eyrað við mat á þessum tölum að frá mars-apríl 2019 til mars-apríl 2022 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 14% og krónan veikst um 6%. Rauntekjur einkennandi greina ferðapjónustu í heild voru því um 14% lægri í mars-apríl þessa árs en sama tíma 2019.


Mynd 1 - Tekjubreyting undirgreina ferðapjónustu, % mars-apríl 2022 m.v. sama tímabil 2019



Mynd 2 - Tekjur undirgreina ferðapjónustu, mkr. mars-apríl 2022



Mynd 3 – Tekjur (m.kr.) nokkurra atvinnugreina mars-apríl 2022 og % breyting frá sama tímabili 2019



Heimild: Hagstofa Íslands